

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 2. febrúar 2009
Tilvísun: UST20081200167/áb

Efnistaka af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 29. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum efnistöku af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa.

Framkvæmdalýsing

Um er að ræða efnistöku í 7 námum, þar sem gert er ráð fyrir að taka allt að 25 milljón rúmmetra á tímabilinu 2008-2018. Efnið verður tekið með yfirborðsdælingu, þar sem dælurör er dregið með jöfnum hraða yfir sjávarbotninn. Eftir verður 1-2 metra breið og 1-2 metra djúp rás. Skeljasandur fyrir sementverksmiðjuna á Akranesi verður tekið úr Fláskarðskrika á 30 m dýpi, sem liggur skammt suður af Syðra-hrauni og 15 km frá landi. Efni á að taka úr 3 öðrum námum á 20-40 m dýpi við Syðra-hraun fyrir mannvirkjagerð (8-15 km frá landi). Einnig á að taka efni úr 3 námum á 20-40 m dýpi við Hafnarfjörð fyrir mannvirkjagerð (2,5-5 km frá landi). Efnistaka hefur átt sér stað úr öllum 7 námunum. Farið er fram á stækkun tveggja náma við Syðra-hraun, Sandhalanámu og Melakrikanámu. Við það stækkar námusvæðin úr 922 ha í 1343 ha, eða um 46% (Tafla 2.1 í frummatsskýrslu).

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Sjálfbær nýting efnis úr Faxaflóa

Efnistaka framkvæmdaraðila hefur síðustu árin verið að jafnaði 200 þúsund rúmmetra á ári úr Faxaflóa. Fyrirhuguð efnistaka um 25 milljón rúmmetra á tímabilinu 2008-2018 samsvarar 10 földun á ársgrundvelli. Að mati Umhverfisstofnunar ættu að liggja fyrir upplýsingar um magn nýtanlegs efnis (skeljasandur og efni fyrir mannvirkjagerð) í Faxaflóa og hvort sú vinnsla sem er hér til umfjöllunar sé í anda sjálfbærrar þróunar.

Sjálfbær þróun er skilgreind sem þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Þar sem ekki koma fram í frummatsskýrslunni upplýsingar um heildarmagn (eða hugsanlegt magn) nýtanlegs efnis í Faxaflóa telur

Umhverfisstofnun að þær upplýsingar þurfi að koma fram í matsskýrslu. Umhverfisstofnun telur einnig nauðsynlegt að vita hvernig skilið verði við námusvæðin eftir að vinnslu lýkur, þ.e.a.s. verða svæðin gernýtt eða verður skilið eftir nægjanlegt efni til að botngerð haldist að mestu óbreytt þannig að skilyrði verði ekki síðri.

Lífriki

Það hafa nokkrar rannsóknir verið gerðar á lífríki Faxaflóa. Hermann Einarsson lýsti rannsókn á botndýrasýnum úr Faxaflóa sem voru tekin á árunum 1926-1939 (Hermann Einarsson 1941. *Survey of the benthonic animal communities of Faxa Bay (Iceland)*. Medd. Komm. For Danmarks Fiskeri- og Havunders. 11(1): 1-46). Sú rannsókn byggir á botnsýnum víðs vegar úr Faxaflóa og gefur góða mynd af grunnástandi botndýralífs á þeim tíma. Síðastliðið vor gerði Sólmundur Einarsson rannsókn á botndýralífi innan og til hliðar við námurnar í Faxaflóa (sjá viðauka 2 í frummatsskýrslu). Samkvæmt rannsókn hans er botndýralífið mun fátæklegra en var lýst í rannsókn Hermanns Einarssonar. Einnig var ekki sjáanlegur munur á milli sýna teknum innan og til hliðar við námusvæðin. Niðurstaða Sólmundar er að „Í sýnunum finnast aðeins tegundir, sem eru útbreiddar um allt land, eins og að framan greinir. Ekkert gefur því til kynna að efnistaka setji tegundirnar í minnstu hættu. Því er sú ályktun dregin að varðveislugildið botndýra á efnistökusvæðunum sé lítið“.

Samanber ofangreint, þá voru botnsýni í rannsókn Sólmundar tekin eingöngu í og við námusvæði Björgunar, en ekki víðs vegar í Faxaflóa eins og í rannsókn Hermanns. Ef það var ætlunin að bera saman þessar tvær rannsóknir þá hefði verið vænlegast í rannsókn Sólmundar að taka einnig, á kerfisbundinn hátt, sýni á sömu stöðum og í rannsókn Hermanns. Ef lítið er framhjá öðrum frávikum í aðferðafræði þessara rannsókna, þá hefði sýnataka á sömu stöðum hugsanlega gefið áhugaverðar upplýsingar um botndýralífi Faxaflóa í tengslum við námuvinnslu Björgunar.

Samkvæmt dragnótarveiðimönnum jafnast rásir eftir yfirborðsdælingu framkvæmdaraðila út í fyrstu haust- og vetrarveðrum. Slíkar rákir ættu að gera aðliggjandi, lausan botn óstöðugri en ella við fyrstu veður-/straumskilyrði sem hvetja flutning botnsets. Námuvinnsla kann því að raska aðliggjandi svæðum við námurnar. Einnig er hugsanlegt að gruggmyndun valdi eyðingu botndýra á aðliggjandi svæðum. Það er því mögulegt að mörg sýni sem voru tekin til hliðar við námurnar í rannsókn Sólmundar séu einnig frá röskuðum svæðum, og því vart hæf til samanburðar við sýni innan efnistökusvæðanna. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að liggja fyrir rannsóknargögn frá sambærilegum óröskuðum svæðum við efnistökusvæðin í Faxaflóa, til samanburðar við rannsóknir Hermanns og Sólmundar.

Það er ljóst af þeim gögnum sem eru tekin saman í frummatsskýrslu að flestir nytjafiskistofnar veiðast í Faxaflóa. Fyrirliggjandi aflagögn ná stutt aftur í tíma og samtíma upplýsingar varðandi umfang og staðsetningu námuvinnslunnar í Faxaflóa eru einnig takmarkaðar. Umhverfisstofnun telur það því takmarkaðan grunn fyrir ályktun um einhver eða engin tengsl á milli afla og námuvinnslu.


Námusvæðin skarast við gjöful dragnótarmið þar sem margir fiskistofnar hrygna, t.d. margar tegundir flatfiska og síli. Fram kemur í frummatsskýrslunni að námuvinnslu verði hagað þannig að sem minnst skörun verði við hrygningartíma fiska. Hrygningartími fiskistofna á umræddu svæðum er þó misjafn eftir tegundum og því þarf að liggja ljóst fyrir hvaða tegundir hrygna á svæðinu til að koma í veg fyrir að námuvinnsla hafi áhrif á nýliðun þeirra.

Þekking á gerð og eðli lífríkisins er grunnforsenda sjálfbærrar nýtingar á svæðinu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skilið verði við efnistökusvæðin, að efnistöku lokinni, þannig að áhrif á nýliðun fiska verði sem minnst, t.d. að botngerð og landslag verði með svipuðu móti og fyrir efnistöku.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu framkvæmdaraðila skorti upplýsingar um magn nýtanlegs efnis í sunnanverðum Faxaflóa og hvernig staðið verði að námuvinnslu með tilliti til sjálfbærrar þróunar. Einnig er erfitt af fyrirliggjandi gögnum að meta hvort lífkerfið er þegar raskað því það vantar áreiðanleg viðmið eða skilgreint grunnástand lífkerfisins í nútíma fyrir slíka greiningu. Að mati Umhverfisstofnunar þurfa ofangreindar upplýsingar að liggja fyrir áður en stofnunin getur tekið afstöðu til þess hvort efnistakan sé líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum eða ekki.

Virðingarfyllst


Asgeir Björnsson
sérfræðingur


Olafur A. Jónsson
deildarstjóri